

Ytra mat á grunnskólum

Tillögur til mennta- og menningarmálaráðherra og skólamálanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga um tilhögun á ytra mati í grunnskólum

Faghópur um ytra mat á grunnskólum

14. mars 2011

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Markmið mats og eftirlits.....	4
Ávinningur af samstarfi	4
Tilgangur.....	5
Tillögur faghóps í hnotskurn	6
Rammi ytra mats	7
Ytra mat sem nær til allra skóla með sama hætti	7
Matsteymi	7
Mats- og ráðgjafarhlutverk matsteyma	8
Viðfangsefni ytra mats	9
Kennsla og nám.....	9
Innra mat	10
Stjórnun skólans	11
Sérstakar áherslur skóla og fræðsluyfirvalda.....	12
Hugmyndir um aðferðir og tæki í ytra mati.....	12
Matsskýrsla	12
Ráðgjöf og eftirfylgni ytra mats	13
Viðmið um gæði	13
Leiðbeiningar og þjálfun matsteyma	14
Hlutverk ráðuneytis og sveitarfélaga.....	14
Tilraunaverkefni.....	14
Lokaorð	16
Heimildir	17

Inngangur

Árið 2009 tóku Samband íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga upp samstarf um innleiðingu nýrra laga um leik- og grunnskóla með áherslu á ný ákvæði um skólastefnu og mats- og eftirlitsskyldu sveitarfélaga. Sameiginlegur verkefnisstjóri, Björk Ólafsdóttir, var ráðin í því skyni auk þess sem skipuð var verkefnisstjórn, sem í sitja auk verkefnisstjóra Margrét Harðardóttir og Sigríður Lára Ásbergisdóttir fulltrúar frá ráðuneytinu og Svandís Ingimundardóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir fulltrúar frá sambandinu. Stýrihópur var einnig skipaður með fulltrúum sömu aðila.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 eru ákvæði um mat og eftirlit sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis með skólastarfi en verkaskipting ríkis og sveitarfélaga í tengslum við mat og eftirlit er ekki skýr í lögnum. Með hliðsjón af því og með áherslu á betri nýtingu mannauðs og fjármagns og til að koma í veg fyrir tvíverknað lagði verkefnisstjórn til að hugað yrði að samstarfi þessara tveggja aðila um ytra mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs.

Stýrihópur verkefnisins, sem í sitja Arnór Guðmundsson og Stefán Baldursson frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, tók undir tillögu verkefnisstjórnar og lagði til við mennta- og menningarmálaráðherra og skólamálanefnd sambandsins að stofnaður yrði faghópur til að meta hvort grundvöllur væri fyrir samstarfi sveitarfélaga og ráðuneytis um ytra mat á grunnskólum og leggja til hugsanlega útfærslu. Ráðherra og skólamálanefnd tóku jákvætt í þá tillögu.

Þrír fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis voru skipaðir í faghópinn og þrír fulltrúar sveitarfélaga. Fyrir hönd ráðuneytis sátu í faghópnum Guðni Olgeirsson og Védís Grönvold, sérfræðingar í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Júlíus Björnsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar. Af hálfu sveitarfélaga sátu Eiríkur Hermannsson, fræðslustjóri Reykjanesbæjar, Þóra Björk Jónsdóttir, kennslu- og sérkennslufulltrúi hjá Fræðsluþjónustu Skagfirðinga og Birna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri á Menntasviði Reykjavíkur. Starfsmaður hópsins var Björk Ólafsdóttir, sameiginlegur verkefnisstjóri ráðuneytisins og sambandsins.

Verkefni hópsins fólust í að móta hugmynd að samstarfi ráðuneytis og sveitarfélaga um reglubundið ytra mat á grunnskólum að teknu tilliti til grunnskólalaga og leggja fram skriflega tillögu um útfærslu hennar ásamt kostnaðaráætlun. Mennta- og menningarmálaráðherra og skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga munu taka afstöðu til niðurstöðu faghópsins. Sú ákvörðun að einskorða tillöguna við ytra mat á grunnskólum var tekin á þeirri forsendu að grunnskólinn er skyldunámsstig.

Faghópurinn kom saman til fyrsta fundar 19. október 2010 og hittist alls tíu sinnum. Á milli funda vann starfsmaður hópsins úr þeim tillögum sem fram komu og skrifaði skýrslu. Hópurinn byrjaði á að kynna sér ýmis verkefni sem í gangi eru á landinu í tengslum við ytra mat ráðuneytis og sveitarfélaga á grunnskólum og í tengslum við innra mat grunnskóla. Má þar nefna: Stofnanaúttektir mennta- og menningarmálaráðuneytis á grunnskólum; Heildarmat í grunnskólum í Reykjavík; Skólavogina - tilraunaverkefni á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga; Skólapúlsinn – vefkerfi sem gefur upplýsingar um virkni og líðan nemenda og Gæðagreina – skoskt innra-matskerfi sem hefur verið þýtt og staðfært fyrir íslenska skóla. Þá kynnti hópurinn sér hvernig framkvæmd ytra mats er háttað í nokkrum löndum í Evrópu, svo sem

Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Englandi, Skotlandi, Írlandi, Hollandi, Þýskalandi, Belgíu, Austurríki og Sviss.

Faghópurinn hefur lokið störfum og leggur fram eftirfarandi skýrslu með tillögum. Í skýrslunni er fyrst gerð grein fyrir markmiðum mats og eftirlits samkvæmt lögum um grunnskóla og leitast við að skýra í stuttu máli hvaða þættir kalla á samráð og/eða samstarf ráðuneytis og sveitarfélaga. Þá kemur stutt samantekt á þeim tillögum sem faghópurinn leggur til og loks kemur greinargerð þar sem tillögurnar eru rökstuddar með tilvísunum í rannsóknir og fræði um mat á skólasterfi. Reynt er að draga fram hvaða sýn faghópurinn hefur til framtíðar með þeim tillögum sem hann leggur fram.

Markmið mats og eftirlits

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
2. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
3. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
4. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Til að vinna að þessum markmiðum er í lögnum kveðið á um að hver grunnskóli eigi með kerfisbundnum hætti að meta gæði skólastarfs og birta upplýsingar um það opinberlega ásamt áætlun um umbætur. Sveitarfélög eiga að sinna ytra mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um skólana. Þá eiga þau að fylgja því eftir að innra og ytra mat leiði til umbóta í skólastarfinu. Ytra mat er einnig hluti af upplýsingaöflun og eftirlitsskyldu mennta- og menningarmálaráðuneytis samkvæmt grunnskólalögnum. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er ekki skilgreind frekar í lögnum.

Í eldri lögum um grunnskóla nr. 66/1995 voru ákvæði þess efnis að hverjum skóla bæri að innleiða aðferðir til að meta skólastarfið. Sú skylda hafði því verið bundin í lög í um 13 ár þegar ný lög um grunnskóla voru sett árið 2008. Í lögnum frá árinu 1995 var ennfremur kveðið á um ábyrgð menntamálaráðherra á mati á skólum og skólastarfi. Ábyrgð og skylda sveitarfélaga á mati og eftirliti með gæðum skólastarfs var aftur á móti fyrst lögfest með lögum um grunnskóla nr. 91/2008 en samkvæmt eldri lögum höfðu sveitarfélög aðeins haft upplýsingaskyldu.

Ávinningur af samstarfi

Flest markmið með mati og eftirliti eru þess eðlis að sveitarfélög eru vel í stakk búin til að vinna að þeim. Það á við um þau markmið sem snúa að upplýsingagjöf, að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár og að réttindi nemenda séu virt. Sá liður í markmiðum laganna sem ætla má að sveitarfélög myndu helst vilja fá stuðning við snýr að því að auka gæði náms og kennslu og stuðla að umbótum. Grunnskólalögin eru mjög opin hvað þennan þátt varðar sem eykur svigrúm sveitarfélaga til að móta sínar eigin leiðir, en um leið veldur það vissum vanda þar sem sveitarfélög búa við misgóðar aðstæður til að skipuleggja og framkvæma ytra mat. Samvinna sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis um að útfæra stefnu um ytra mat og skilgreina hvað í því felst auðveldar sveitarfélögum að standa undir þeim væntingum sem til þeirra eru gerðar um að nýta ytra mat markvisst til að efla innra starf grunnskóla. En jafnvel þó að væntingar séu ljósar er hugsanlegt að einhver sveitarfélög eigi í erfiðleikum með að standa undir kostnaði við ytra mat. Ef ráðuneytið og sveitarfélögin taka höndum saman um framkvæmd ytra mats eykur það möguleika allra sveitarfélaga á þátttöku í sambærilegu ytra mati.

Fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið er mikilvægt að fá upplýsingar um hvernig skólum gengur að framfylgja menntastefnunni og innleiða ný lög og nýja aðalnámskrá þar sem m.a. er lögð áhersla á grunnþætti í menntun, sem eru læsi í víðum skilningi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, sjálfbær þróun og skapandi starf. Ytra mat má jafnframt tengja eftirlitsskyldu ráðu-

neytisins. Ennfremur telur ráðuneytið gagnlegt fyrir skólastarf að komið verði á mati sem snýr að starfs- og kennsluháttum í grunnskólum. Það hefur að markmiði að efla kennara og stjórnendur í starfi og stuðla að sem bestum skólabrag, betri árangri og velferð nemenda. Með samvinnu ráðuneytis og sveitarfélaga um ytra mat myndast grundvöllur fyrir upplýsingaöflun um nám og kennslu með öðrum hætti en hingað til hefur tíðkast. Hér er sett fram hugmynd að mati sem felur í sér náði samstarf matsaðila og skóla, ráðgjöf í framhaldi af mati, virka eftirfylgni og sambærilegar upplýsingar um alla skóla. Á þeim upplýsingum má byggja eftirlit og eftirfylgni ráðuneytisins auk þess sem upplýsingarnar munu koma að gagni við endurskoðun mennta- stefnunnar, þróunarstarf í skólum og uppbyggingu kennaranáms og símenntunar.

Tilgangur

Tilgangurinn með þeim leiðum sem lagðar eru til í þessari skýrslu er einkum að:

- Stuðla að jafnræði skóla gagnvart ytra mati
- Tryggja að allir skólar fái sambærilegt ytra mat
- Efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla
- Vera skólum hvati til frekari skólaþróunar
- Styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi
- Hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti
- Afla gagna um frammistöðu skóla fyrir frekari stefnumótun í skólamálum
- Hafa eftirlit með skólastarfi
- Stuðla að sem bestri samvinnu allra aðila í skólasamfélaginu og upplýstri umræðu um skólamál.

Tillögur faghóps í hnotskurn

Faghópurinn kom sér saman um að leggja fram þær tillögur sem hér fara á eftir. Í stuttu máli gera þær ráð fyrir að:

- Með sameiginlegu átaki ríkis og sveitarfélaga hafi allir skólar á landinu farið í gegnum ytra mat fimm árum eftir að það hefur göngu sína.
- Ytra matið nái til allra grunnskóla á landinu og að þeir verði metnir á sambærilegan hátt að teknu tilliti til aðstæðna og sérstöðu í hverjum skóla. Ekki er verið að leggja upp með að gera samanburð á skólum heldur nota samræmdar matsaðferðir þannig að í öllum skólum verði skólastarfið metið með sambærilegri nálgun og á grundvelli sömu viðmiða.
- Sett verði á laggirnar matsteymi til að meta skólana.
- Matsteymin hafi bæði mats- og ráðgefandi hlutverk gagnvart skólunum og kynni vel fyrir skólasamfélagi hvers skóla niðurstöður matsins. Gætt verði að því að verja ekki öllu fjármagninu í upplýsingaöflun og mat, heldur verði gert ráð fyrir að ákveðinn hluti kostnaðar við matið fari í að leggja á ráðin um úrbætur í kjölfar mats og leiðbeina skólum eftir þörfum og óskum einstaka skóla.
- Matsskýrsla og umbótaáætlun hvers skóla verði gerð opinber.
- Árlega verði unnin heildarskýrsla á landsvísu fyrir alla skóla sem metnir hafa verið það árið.
- Þegar búið er að meta alla skóla landsins verði unnin sérstök skýrsla fyrir alla skóla.
- Sveitarfélög fylgi ytra mati og umbótaáætlunum skóla eftir.
- Ráðuneytið hafi eftirlit með hvort og hvernig sveitarfélög og skólar vinna með þær upplýsingar og tillögur sem settar eru fram af matsaðilum.
- Í upphafi verði skilgreind þau viðmið um gæði sem stuðst verður við í matinu svo þau séu öllum hlutaðeigandi ljós.
- Að unnar verði leiðbeiningar og siðareglur fyrir matsteymin svo allir skólar fái sambærilegt mat og ráðgjöf.

Þeir fjórir matsþættir sem lagt er til að verði þungamiðjan í þessum fimm ára matshring eru:

- Kennsla og nám, s.s. kennsluhættir, námshegðun, samskipti, árangur, bekkjarbragur og þátttaka foreldra í skólastarfi.
- Innra mat skóla, s.s. vinnubrögð við innra mat og tengsl niðurstaðna úr innra mati við umbóta- og símenntunaráætlanir.
- Stjórnun skóla, s.s. leiðtogahæfni, dreifing verkefna, upplýsingastreymi, þróunarstarf, samvinna í starfsmannahópnum og samstarf heimila og skóla.
- Sérstakar áherslur skóla og fræðsluyfirvalda og megináherslur í menntastefnu, s.s. grunnþættir í menntun.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir tillögum faghópsins. Fjallað er um þær hugmyndir sem liggja að baki tillögunum og vísað í rannsóknir og fræði um ytra mat til stuðnings.

Rammi ytra mats

Ytra mat sem nær til allra skóla með sama hætti

Faghópurinn leggur til að ytra matið nái til allra grunnskóla á landinu og að þeir verði metnir á sambærilegan hátt að teknu tilliti til aðstæðna og sérstöðu í hverjum skóla. Ekki er verið að leggja upp með að gera samanburð á skólum. Markmiðið er að nota samræmdar matsaðferðir þannig að í öllum skólum verði skólastarfið metið með sambærilegri nálgun og á grundvelli sömu viðmiða. Að baki þeirri tillögu liggur sú hugmynd að stuðla að jafnræði skólanna. Ef allir skólar eru metnir gefur það fræðslufirvöldum mynd af stöðunni eins og hún er um allt land sem eru mikilvægar upplýsingar fyrir stefnumótun í skólamálum. Eins gefst sveitarfélögum og grunnskólum kostur á að skoða sína stöðu miðað við stöðu heildarinnar.

Samkvæmt niðurstöðum PISA 2009 rannsóknarinnar (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson og Júlíus K. Björnsson, 2010) hefur breytileiki í frammistöðu í lestri, náttúrufræði og stærðfræði á milli skóla á Íslandi aukist frá 2006. Aukinn munur á milli skóla getur ekki talist æskileg þróun og því er það von faghópsins að ef öllum sveitarfélögum verður gert kleift að sinna ytra mati með þeim hætti sem hér er lagt til þá geti það m.a. stuðlað að auknum jöfnuði í menntun.

Hugmyndin er að með samvinnu ríkis og sveitarfélaga hafi allir skólar á landinu farið í gegnum ytra mat fimm árum eftir að það hefur göngu sína. Sú tillaga gerir ráð fyrir að 35 skólar verði metnir á ári. Matsferlinum er hér skipt í eftirfarandi þætti: Undirbúning, heimsókn í skóla, greiningu, endurgjöf/ráðgjöf og eftirfylgni.

Matsteymi

Ákveðið var að leggja fram tvær hugsanlegar útfærslur að matsteymum sem hér eru kynntar sem tillaga 1 og tillaga 2. Áður en faghópurinn tók til starfa hafði hugmynd að landshlutateymum verið rædd í Grunni, félagi forstöðumanna skólaskrifstofa. Að mati faghópsins er rétt að sú umræða haldi áfram og leitað verði til Grunns með að taka formlega afstöðu til hvor tillagan sé ákjósanlegri og/eða raunhæfari að þeirra mati.

Tillaga 1

Tillaga 1 gengur út á að ráðnir verði matsaðilar sem starfa miðlægt og hafa það hlutverk að samræma ytra mat og meta alla grunnskóla landsins. Áætlað er að ráðnir verði fimm til sex matsaðilar. Hver og einn þeirra tekur út sex til sjö skóla á ári og fær til liðs við sig einn til tvo aðila úr heimahéraði viðkomandi skóla eða nágrannasveitarfélagi, t.d. aðila sem starfar við sérfræðiþjónustu á svæðinu. Saman mynda þessir aðilar matsteymi, sem er breytilegt eftir því hvaða skóli á í hlut. Tillagan gerir ráð fyrir að hópur fagmenntaðra starfsmanna, sem þegar eru í vinnu hjá sveitarfélögum, s.s. kennsluráðgjafar eða náms- og starfsráðgjafar, fái kennslu og þjálfun í framkvæmd ytra mats og geti þannig starfað með utanaðkomandi matsaðila svo hægt sé að halda nýráðningum í lágmarki.

Hugmyndin að baki því að hafa einn eða fleiri aðila úr nærsamfélagi skóla í matsteymi er sú að þannig skapist meiri nálægð milli skóla og matsaðila og þar með aukið traust. Ennfremur myndar það grunn að samstarfi matsaðila við ráðgjafa á skólaskrifstofum sem eftir atvikum koma að því að aðstoða skólana við umbætur. Með aðkomu utanaðkomandi, reynds matsaðila í matsteymi er leitast við að tryggja að sambærilegum aðferðum sé beitt í öllum skólum og

stuðla þannig að jafnræði skólanna og ákveðinni hlutlægni. Þessi tillaga tengir saman kosti þess að nýta þekkingu og reynslu heimamanna og jafnframt skoða skólastarfið úr ákveðinni fjarlægð.

Tillaga 2

Tillaga 2 gengur út á að sett verði á laggirnar fjögur til sex landshlutateymi sem samanstanda að lágmarki af tveimur matsaðilum hvert. Einn verkefnisstjóri sem starfar miðlægt tengir landshlutateymin saman, er faglegt bakland fyrir teymin, starfar með þeim eftir þörfum og gætir að aðferðafræðilegu samræmi í ytra mati á milli matsteyma. Eins og í tillögu 1 er gert ráð fyrir að matsteymi fái til liðs við sig aðila úr nærsamfélagi skólans til að skapa nálægð við skóla og aukið traust auk þess sem sá aðili getur unnið að því með skólanum að fylgja eftir umbóta-verkefnum.

Með því að matsteymi séu staðsett í landshlutanum er tryggð nálægð við skóla eins og kostur er, sömuleiðis er tryggt að þekking á aðstæðum skóla í landshlutanum sé fyrir hendi og einnig að þekking á matsferlinu byggist upp í skólasamfélaginu. Fjöldi og starfshlutfall aðila í matsteymi getur verið mismunandi og háð aðstæðum í hverjum landshluta. Mælt er með að fastir fulltrúar myndi hvert teymi til að reynsla og þekking byggist upp.

Mats- og ráðgjafarhlutverk matsteyma

Faghópurinn telur mikilvægt að matsteymið hafi bæði mats- og ráðgefandi hlutverk gagnvart skólunum og einstaka starfsmönnum eftir því sem við á. Sömu aðilar meta og fylgja matinu eftir með ráðgjöf og leiðbeiningum um hvernig hægt er að standa að umbótum. Það fyrirkomulag krefst þess að fulltrúar í matsteymi hafi sterkan faglegan bakgrunn og reynslu af grunnskólastarfi svo þeir séu í stakk búnir til að meta og veita faglega ráðgjöf.

Með því að færa matið nær skólunum og flétta saman mati og ráðgjöf er verið að leitast við að starfsfólk skólanna upplifi að matið sé gert með þeim en ekki á þeim. Þar með er verið að leggja áherslu á að matið sé framkvæmt til umbóta en ekki eingöngu til að hafa eftirlit með skólunum.

Fræðimenn á sviði matsfræða hafa bent á að forsenda fyrir gagnsemi ytra mats á skóla sé að það sé samþykkt innan skólans (HM Inspectorate of Education, 2009; Kempfert og Rolff, 2005). Í því samhengi leggja þeir áherslu á mikilvægi þess að gagnkvæmni og trúnaðartraust ríki á milli matsaðila og þeirra sem í skólanum starfa. Ennfremur benda þeir á að jafnvægi þurfi að vera á milli þess sem skólinn lætur matsaðilum í té og þess sem hann fær til baka, sem vísar til þess að bæði sé verið að „gefa og taka“ (Leeuw, 2002; MacBeath & McGlynn, 2002). Chapman (2001) rannsakaði áhrif OfSTED úttekta á breytta kennsluhætti í enskum skólum og komst að þeirri niðurstöðu að endurgjöf matsaðila væri lykilatridi til að matið hefði áhrif á kennsluhætti. Tengsl kennara og matsaðila höfðu mikið að segja um hversu gagnlega kennarar álitu endurgjöf matsaðilans.

HM Inspectorate of Education (2009) gerði greiningu á framförum ríflega 300 skóla í Skotlandi. Greiningin var unnin upp úr eftirlitsskýrslum frá skólum þar sem skilgreint var að umbóta væri þörf. Í skýrslunni kemur fram að stuðningur yfirvalda er mikilvægur þáttur í umbótastarfi og áriðandi er að koma til móts við skólana og aðstoða á þeim sviðum þar sem þörfin er mest. Fræðimönnum á sviði skólaþróunar virðist bera saman um að innleiðing breytinga heppnist fyrst og fremst þegar saman fer að skólar eru undir þrýstingi að gera breytingar og fá til þess

stuðning eftir þörfum (Ehren & Visscher, 2006; Fullan, 2007; Kempfert og Rolff, 2005; Mckinsey&Company, 2007 og Muijs, Harris, Chapman, Stoll og Russ, 2004).

Viðfangsefni ytra mats

Faghópurinn leggur til að í fyrstu umferð ytra mats á grunnskólum nái matið fyrst og fremst til valdra þátta í starfi skóla sem hægt er að skilgreina sem lykilþætti í umbótastarfi. Fjármagn ríkis og sveitarfélaga er af skornum skammti og af þeim sökum er það mat hópsins að mikilvægt sé að forgangsraða til að halda kostnaði við matið niðri. Hópurinn telur óraunhæft eins og staðan er í dag að hægt sé að framkvæma reglubundið ytra mat sem nær til allra þátta skólastarfsins á öllum skólum landsins. Sveitarfélög verja miklum fjármagni til skólastarfs og mikilvægt er að fá upplýsingar um gæði þess og innleiðingu menntastefnunnar á hverjum tíma.

Þeir fjórir matsþættir sem lagt er til að verði þungamiðjan í fyrsta matshringnum eru:

- Kennsla og nám, s.s. kennsluhættir, námshegðun, samskipti, árangur, bekkjabragur og þátttaka foreldra í skólastarfi.
- Innra mat skóla, s.s. vinnubrögð við innra mat og tengsl niðurstaðna úr innra mati við umbóta- og símenntunaráætlanir.
- Stjórnun skóla, s.s. leiðtogaþætti, dreifing verkefna, upplýsingastreymi, þróunarstarf, samvinna í starfsmannahópnum og samstarf heimila og skóla.
- Sérstakar áherslur skóla og fræðsluyfirvalda og megináherslur í menntastefnu, s.s. grunnþættir í menntun.

Rétt er að taka fram að það eru margir aðrir þættir í skólastarfi en þeir sem eru taldir upp hér sem mikilvægt er að meta. Val á matsþáttum endurspeglar forgangsöröðun faghópsins og hér fyrir aftan koma rökin sem liggja að baki því vali.

Kennsla og nám

Undanfarin ár hefur í æ ríkara mæli verið rætt um mikilvægi þess að ytra mat á grunnskólum nái alla leið inn í kjarna starfseminnar, til þess sem gerist í kennslustofunni. Á málstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2008, sem helguð var árangri í skólastarfi, kom fram sú ósk þátttakenda að ytra mat ráðuneytis og/eða sveitarfélaga myndi taka til innihalds og gæða kennslu, starfshátta kennara og samskipta (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2009).

Í skýrslu Mckinsey&Company (2007) um bestu skólakerfi heims kemur fram að rannsóknir sýni að gæði kennslu hafa meiri áhrif á frammistöðu nemenda heldur en nokkur annar þáttur í skólastarfi. Í skýrslunni er sagt að allar vísbendingar bendi til þess að nemendur sem dragast aftur úr á fyrstu árum skólagöngunnar vegna þess að þeir fá ekki nægilega góðan kennara, hafa litla möguleika á að vinna upp tapið síðar. Þau skólakerfi í heiminum sem hafa náð hvað mestum árangri eiga það sameiginlegt að hafa lagt mikla áherslu á að bæta kennslu. Það hafa þau gert með því að þjálfá kennara, færa kennaraþjálfunina inn í kennslustofuna, þróa sterkari kennsluleiðtoga og gera kennurum kleift að læra hver af öðrum (Mckinsey&Company 2007 og 2010). Undir það sjónarmið að lykilatriði í að bæta skólastarf sé að skoða kennslustundina taka fjölmargir aðrir fræðimenn (sjá t.d. Curtis & City, 2009; Kempfert & Rolff, 2005; MacBeath & McGlynn, 2002; Muijs o.fl., 2004).

Eitt af því sem samkvæmt nýrri skýrslu McKinsey&Company (2010) einkennir afburða skólakerfi er að kennarar eru gerðir ábyrgir fyrir eigin starfsþróun sem og starfsþróun samstarfsaðila sinna. Þar segir jafnframt að samvinna kennara sé grundvallaratriði vegna þess að hún leiði til nýsköpunar í kennslu og námi. Í skýrslunni er vitnað í fjölmargar rannsóknir og rannsóknarsamantektir Hattie (2009) á árangri nemenda sem leiða í ljós að mestu áhrifin á nám nemenda komi fram þegar kennarar fara að læra um eigin kennsluhætti. Sama sjónarmið kemur fram í skýrslu HM Inspectorate of Education (2009), sem getið var um hér að framan, en þar kemur fram að rýni kennara á eigið starf og aukin ábyrgð þeirra á eigin starfsþróun eru lykilþættir í umbótastarfi. Í skýrslunni er bent á að hvetja þurfi til opinna samskipta, samvinnu og jafningjarnáms.

Sýn faghópsins til framtíðar er að ef kennsla er metin í vinveittu ytra mati með hliðsjón af skýrum faglegum viðmiðum þá verði það kennurum hvatning til að meta eigið starf og til að vinna saman og nota jafningjamat við að meta kennsluhætti. Þannig er gert ráð fyrir að í framtíðinni verði lögð áhersla á að innra mat skólanna nái í auknum mæli til náms og kennsluhátta og áhrifa þeirra á nemendur.

Innra mat

Síðastliðin fimmtán ár hefur átt sér stað uppbygging á innra mati íslenskra grunnskóla og er það mat faghópsins að mikilvægt sé að halda áfram þeirri vinnu og efla innra matið. Með markvissu innra mati öðlast starfsfólk skóla þekkingu á styrk- og veikleikum skólustarfsins sem hvetur það til að bæta úr veikleikum og efla það sem vel er gert til að auka gæði skólustarfsins. Sem lærdómsstofnun ætti skólinn fyrst og fremst að bera ábyrgð á að fylgjast með og auka eigin gæði.

Fyrirnefnd greining HM Inspectorate of Education (2009) leiddi í ljós að lykilþáttur í umbótastarfi væri innra mat skólans. Ef innra matið var veikt var geta skólans til að bæta sig lítil. Rannsakendur drógu þá ályktun að umbótaferli í skólustarfi yrði aldrei markvisst nema með öflugum innra mati og því væri mikilvægt fyrir yfirvöld að ýta undir innri matsmenningu í skólum og skuldbindingu þeirra um umbótastarf. Fleiri rannsakendur (sjá t.d. Kempfert & Rolff, 2005 og McKinsey&Company, 2010) hafa á sannfærandi hátt fært rök fyrir því að innra mat skóla undirbúi jarðveginn þannig að ytra mat hafi tilætluð áhrif í að stuðla að umbótum. Það er einkum vegna þess að starfsfólk skóla sem fæst við að meta starf sitt tileinkar sér í gegnum þá vinnu endurskoðandi hugsun sem gerir það móttækilegra fyrir ábendingum úr ytra mati (Kempfert & Rolff, 2005). Sigurlína Davíðsdóttir (2008) telur að innra mat hafi ótvíræða kosti fram yfir ytra mat þegar verið er að meta í þeim tilgangi að bæta starf eða þjónustu, vegna þess að þeir sem þekkja skólustarfið eru almennt best til þess fallnir að afla upplýsinga til að bæta það. Hún bendir á að innra matið hafi samt sínar takmarkanir og því sé ytra mat mikilvægt líka.

Innra mat er lögbundið verkefni skóla. Heildarniðurstöður úttekta mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2010) á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla á árunum 2007-2009 benda til þess að tæplega helmingur skóla eigi ennþá nokkuð í land með að stunda kerfisbundið mat á sínu innra starfi. Það er þess vegna ljóst að enn þarf að leggja áherslu á að efla innra matið til að það verði það gagnlega tól sem því er ætlað að vera í skólakerfinu öllu. Niðurstöður úttektanna gefa til kynna að margir skólar eiga í erfiðleikum með að innleiða hjá sér innra mat og er það reynslan víða erlendis líka. Fræðimenn á sviði mats (sjá t.d. Blok, Sleegers & Karsten, 2008; HM Inspectorate of Education, 2009; MacBeath & McGlynn, 2002) hafa bent á að ef vel á að takast

til þá sé grundvallaratriði að skólar fái ytri stuðning við að byggja upp innra mat. Þjálfun og menntun starfsfólks skóla í innra mati og frammistöðumælingum er þar lykilatriði.

Megintilgangurinn með því að tengja saman innra og ytra mat er að hvetja skóla til skólaþróunar með því að leiðbeina þeim við að byggja upp innra mat á öllum þáttum skólastarfsins í samstarfi við aðila skólasamfélagsins. Ennfremur að fylgja því eftir að skólar geri umbóta- og símenntunaráætlanir á grundvelli niðurstaðna í innra mati svo það leiði til umbóta. Að auki nýtist innra matið matsaðilum til upplýsingaöflunar um skólann. Þeir fá betri og dýpri þekkingu á skólanum með því að rýna í innra mat hans.

Virkt innra mat sem nær til allra þátta skólastarfsins er lögbundin skylda allra skóla. Sýn fag-
hópsins til framtíðar er að þegar þessu marki verður náð megi byggja almennt eftirlit á upplýsingum úr innra mati skóla. Í ytra mati verður þá, með hliðsjón af niðurstöðum innra mats, hægt að leggja áherslu á afmarkaðri þætti eða viðfangsefni sem áhugi er á að skoða sérstaklega.

Stjórnun skólans

Fagmennska skólastjóra ræður miklu um gæði skólastarfs, það er í þeirra verkahring að stýra skólum til framfara og árangurs. Skólastjórnun er sá þáttur sem getur reynst erfitt að meta í innra mati, einkum vegna þess hve fáir stjórnendur eru í hverjum skóla og niðurstöður sem að þeim snúa því auðveldlega heimfærðar á einstaklinga. Oftast er það líka þannig að stjórnendur stýra eða leiða innra mat skólans og vinna úr niðurstöðum þess sem hefur áhrif á val matsþátta og hversu opinskátt t.d. starfsfólk treystir sér til að vera í mati á þeim. Vegna þeirrar lykilstöðu sem stjórnendur gegna í skólum er áriðandi að fá utanaðkomandi hlutlausa aðila til að leggja mat á störf þeirra.

Margir þeirra sem rannsakað hafa umbætur í skólastarfi hafa komist að þeirri niðurstöðu að ásamt innra mati sé stjórnun skólans lykilþáttur í umbótastarfi hans því án öflugrar faglegrar forystu hefur skólinn litla burði til að bæta sig (HM Inspectorate of Education, 2009; Muijs o.fl., 2004; Pang 2006). Sama kemur fram í áðurnefndri skýrslu Mckinsey&Company frá 2007 þar sem dregnar eru saman niðurstöður margra rannsókna sem sýna að án öflugs faglegrs stjórnanda sé ólíklegt að það myndist menning í skólanum sem einkennist af miklum væntingum til árangurs og stöðugum umbótum. Þar kemur ennfremur fram að rannsóknir sýni að stjórnun kemur næst á eftir kennslu sem helsti áhrifaþáttur á árangur nemenda. Í skýrslu Mckinsey&Company frá 2010 er vakin athygli á því að öll skólakerfi sem eru að bæta sig eigi það meðal annars sameiginlegt að leggja áherslu á að efla leiðtogaþæfni stjórnanda.

Nú er unnið að rannsóknum á tengslum milli frammistöðu íslenskra nemenda í samræmdum prófum og viðhorfa, vinnubragða og aðstæðna skólastjórnenda. Fyrstu niðurstöður benda til þess að viðhorf, reynsla, menntun og starfsaðferðir skólastjórnenda hafi talsvert sterk tengsl við frammistöðu nemenda. Þannig er frammistaða nemenda að jafnaði betri í skólum sem hafa skólastjóra með langa reynslu og ennfremur betri í skólum þar sem skólastjórinn lítur á hlutverk sitt fyrst og fremst sem kennslufræðilegs leiðtoga fremur en sem stjórnanda fjármála og starfsmannahalds. Hér er ekki um einföld sambönd að ræða heldur virðast fjölmargir þættir hafa samverkandi áhrif á frammistöðu nemenda, en þó er ljóst að áhrif skólastjórnenda á heildarframmistöðu nemenda í sínum skóla eru veruleg og mikilvæg (Júlíus Björnsson, munnleg heimild, 28. febrúar 2011).

Sérstakar áherslur skóla og fræðslufirvalda

Ef skóli, skólaráð eða fræðslufirvöld óska eftir að matsteymi skoði sérstaklega tiltekna þætti í starfi viðkomandi skóla er mikilvægt að brugðist sé við því. Hér getur verið um að ræða athugun á nýlegum breytingum á skólanum, stefnu skólans, mat á sérstökum þróunarverkefnum eða aðra tiltekna þætti í starfi skólans. Ytra matið á að styðja við skólaþróun en um leið að gera grein fyrir stöðunni eins og hún er. Það skiptir því miklu máli að bæði skólinn og ábyrgðaraðilar hans geti sett fram sérstakar óskir um áhersluatriði matsins. Með því móti er komið til móts við þarfir og áhuga þeirra sem hagsmuna eiga að gæta sem skapar aukna eignaraðild og eykur þannig líkur á að matið verði nýtt til umbóta.

Hugmyndir um aðferðir og tæki í ytra mati

- Rýni í upplýsingar um innra mat skóla, bæði m.t.t. gæða innra matsins og hvaða upplýsingar innra matið leiðir í ljós um skólann. Þessi rýni á sér stað áður en vettvangsathuganir í skólanum fara fram til að afla grundvallar þekkingar á skólanum og færni hans í að meta og stuðla að umbótum.
- Rýni í skólanámskrá og starfsáætlun með hliðsjón af aðalnámskrá grunnskóla og skólafélagssveitarfélagsins. Það er gert til að skoða hvernig skólinn lýsir sér, hver stefna hans er og hvernig hann lýsir framkvæmd skólafélagsins, meðal annars m.t.t. hvort innra matið sé að meta þau markmið sem sett eru fram í námskránni og hvort að framkvæmdin í skólafélaginu sé í samræmi við það sem námskráin tilgreinir.
- Upplýsingar úr samræmdum prófum og opinberum rannsóknum sem eru greinanlegar á einstaka skóla. Þessar upplýsingar eru m.a. skoðaðar í tengslum við innra mat skólans.
- Vettvangsathuganir í skóla og kennslustundum.
- Viðtöl og rýnihópar við aðila skólasamfélagsins þar sem m.a. er tekið mið af skólafélagssveitarfélaga og menntastefnu ráðuneytis. Í ytra matinu er gagna um viðhorf foreldra, nemenda og starfsfólks aflað með viðtölum og rýnihópum. Ef sveitarfélag eða skóli aflar gagna um viðhorf þessara aðila með spurningakönnunum eða með öðrum hætti þá geta þau gögn engu að síður nýst sem hagnýtar upplýsingar fyrir ytra matið.
- Utanaðkomandi kvartanir/ábendingar og/eða hrós um skóla. Með hliðsjón af því að ekki verði litið framhjá ef vitneskja liggur fyrir um að eitthvað þarfnast úrbóta sem ekki er beinlínis liður í ytra matinu.

Matsskýrsla

Í skýrslu sem matsteymið setur saman eru dregnir fram styrkleikar og veikleikar skólans og settar fram ábendingar um þætti sem þarfnast umbóta. Skýrslan er send stjórnendum skólans, skólaráði, sveitarstjórn og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Lögð er áhersla á að matsskýrsla hvers skóla ásamt áætlun hans um umbætur verði gerð opinber til að allir þeir sem hagsmuna eiga að gæta geti aflað sér upplýsinga um skólann. Þó skal þess gætt að persónugreinanleg gögn, s.s. lýsingar á vettvangsathugunum, séu aðeins afhent sem trúnaðarskjöl og kynnt viðkomandi starfsmanni og yfirmanni hans.

Hlutverk foreldra sem vel upplýstra hagsmunaaðila skólans er að fylgjast með umbótum og veita skólanum þannig aðhald. Opinber matsskýrsla bætir ímynd skóla með því að draga fram styrkleika starfsins og hvetur til þess að brugðist sé við veikleikum.

Gert er ráð fyrir að árlega verði upplýsingar teknar saman og unnin heildarskýrsla á landsvísu fyrir alla skóla sem metnir hafa verið það árið. Þegar búið er að meta alla skóla landsins verði unnin heildarskýrsla fyrir alla skóla. Slík skýrsla nýtist fyrir frekari stefnumótun yfirvalda og einnig getur hún nýst skólum og sveitarfélögum til að bera sig saman við niðurstöður fyrir landið allt. Ráðuneytið fær afrit af öllum matsskýrslum og vinnur á grundvelli þeirra greinargerð í skýrslu ráðherra til Alþingis um framkvæmd skólahalds á þriggja ára fresti.

Ráðgjöf og eftirfylgni ytra mats

Eins og fram kemur fyrr í þessari skýrslu leggur faghópurinn sérstaka áherslu á þann þátt matsins sem snýr að ráðgjöf og stuðningi við skólana. Lykilatriði er að verja ekki öllu fjármagni í upplýsingaöflun og mat, heldur gera ráð fyrir að ákveðinn hluti kostnaðar fari í að benda á leiðir til að bæta frammistöðu eða starfshætti. Matsteymin veita skólunum ráðgjöf um hvernig þeir geta staðið að umbótum ef óskað er eftir því og leitast þá við að gera það á þann hátt að skólarnir upplifi stuðning og skilning matsaðila. Ráðgjöfin á sér stað við lok matsferilsins en getur einnig farið fram að hluta um leið og gagna er aflað. Þegar matinu er lokið er haldinn skilafundur með starfsfólki skólans, skólaráði og hugsanlega skólanefnd þar sem fjallað er um veikleika, styrkleika, tillögur til úrbóta og næstu skref. Að þeim fundi loknum hefur matsteymið lokið hlutverki sínu gagnvart skólanum. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að þörf skóla fyrir ráðgjöf matsaðila sé misjafnlega mikil og því er lagt til að þessi hluti matsferilsins verði lagaður að þörfum og óskum einstaka skóla eins og kostur er.

Áður en matsskýrsla er gefin út fá stjórnendur í viðkomandi skóla tækifæri til að koma með athugasemdir við skýrsluna ef einhverjar eru. Skólinn leggur umbótaáætlun fyrir sveitarfélagið og sveitarfélagið í samvinnu við skólann sendir ráðuneytinu tímasetta áætlun um umbætur. Um einu skólaári eftir að matinu lýkur athugar ráðuneytið hvernig unnið hefur verið með niðurstöður matsins.

Viðmið um gæði

Góður undirbúningur áður en hafist er handa við ytra mat er lykilatriði. Þess vegna telur faghópurinn afar mikilvægt að fyrirfram séu skilgreind þau viðmið sem stuðst verður við í matinu svo að þau séu öllum hlutaðeigandi ljós og tryggt að sömu viðmið verði notuð í öllum skólum.

Tilgangurinn með þeim leiðum sem lagðar eru til í þessari skýrslu er m.a. að styðja kennara í að bæta eigin starfshætti. Í skýrslu McKinsey&Company (2007) er fjallað um að það fyrsta sem þurfi til að bæta kennslu sé að skilgreina hvað felst í góðri kennslu. Pang (2006) bendir á að það sé erfitt að auka gæði skóla ef viðmið um góða frammistöðu eru ekki til staðar.

Viðmið taka mið af lögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla og skal þar meðal annars litið til grunnþátta menntunar sem höfð voru að leiðarljósi við þróun þeirrar menntastefnu sem birt er í aðalnámskrá grunnskóla: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Viðmið um gæði eru leiðbeinandi fyrir vinnuaðferðir matsaðila sem benda skólum á sterkar og veikar hliðar á grundvelli viðmiðanna. Þau eru ennfremur til þess fallin að koma í veg fyrir að huglægni matsaðila hafi veruleg áhrif á niðurstöður. Hvað varðar starfsmenn skólanna þá veitir það þeim öryggi að þekkja viðmiðin og vita til hvers er ætlast af þeim og á hvaða grundvelli

þeir eru metnir. Í viðmiðum felst líka hvatning fyrir starfsmenn að tileinka sér það sem viðmiðin skilgreina sem góð vinnubrögð. Skýr viðmið geta þjónað bæði innra og ytra mati skóla. Með því móti verður ákveðin samvirkni innra og ytra mats.

Leiðbeiningar og þjálfun matsteyma

Mikilvægt er að útbúnað verði skýrar leiðbeiningar sem liggja til grundvallar ytra mati til að tryggja sem mest samræmi á milli skóla. Ennfremur þarf að gera ráð fyrir kennslu og þjálfun matsaðila áður en þeir eru í stakk búnir að fara inn í skóla og meta og leiðbeina.

Þegar farið er höndum um persónuupplýsingar og viðkvæm málefni eins og í mati verður að gæta að siðferðilegum þáttum. Faghópurinn leggur til að settar verði siðareglur fyrir matsteymin.

Hlutverk ráðuneytis og sveitarfélaga

Framkvæmd ytra mats á grunnskólum er samkvæmt lögum bæði á ábyrgð sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Með skipan fulltrúa sinna í faghóp um ytra mat hafa bæði ráðuneyti og sveitarfélög átt sameiginlega þátt í að móta þær hugmyndir sem kynntar eru í þessari skýrslu.

Gert er ráð fyrir að bæði sveitarfélög og ráðuneytið leggi fram fjármagn til að standa undir kostnaði við ytra matið. Það er síðan hlutverk sveitarfélaga að fylgja ytra matinu og umbóta-áætlunum skóla eftir en ráðuneytis að hafa eftirlit með því að sveitarfélögin vinni með þær upplýsingar og tillögur sem settar eru fram af matsaðilum.

Tilraunaverkefni


Lagt er til að í tilraunaskyni verði sú hugmynd sem hér er sett fram prófuð með þátttöku sex skóla sem eru ólíkir hvað varðar stærð og staðsetningu. Yrði það gert til að kostnaðarmeta verkefnið á raunhæfan hátt og endurskoða og lagfæra áætlanir um framkvæmd matsins. Einnig verður með tilraunaverkefninu hægt að svara á öruggari máta mörgum álitaeftum í tillögum faghóps hvað varðar fyrirkomulag í kringum ytra matið. Með hliðsjón af niðurstöðum tilraunaverkefnisins geta sveitarfélög og ráðuneytið tekið upplýsta ákvörðun um framhaldið.

Ef ákveðið verður að prófa hugmyndina með tilraunaverkefni er mikilvægt að hugað verði að eftirfarandi:


- Að mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga skoði hugsanlega aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að fjármögnun verkefnisins.
- Að ráðnir verði tveir starfsmenn til að halda utan um verkefnið og vinna að undirbúningi svo sem að útfæra hugmyndir faghópsins, vinna að gerð viðmiða, leiðbeininga og siðareglna fyrir matsteymi.
- Að sett verði á stofn teymi um gerð viðmiða þar sem sæti eiga auk starfsmanns tveir til þrjú fulltrúar frá sveitarfélögum.
- Að starfsmennirnir annist tilraunaverkefni í sex skólum þegar viðmið og leiðbeiningar liggja fyrir.
- Að starfsmennirnir komi að því ásamt öðrum hlutaðeigandi aðilum að leggja mat á framkvæmd tilraunarinnar.

- Að hugað verði að framtíðarstaðsetningu matsaðila innan stjórnsýslunnar, hvort heldur sem sett verði á laggirnar sjálfstæð matsstofnun eða víkkað út hlutverk stofnunar sem þegar er starfandi.
- Hvernig þær heildarúttektir sem ráðuneytið lætur framkvæma á sex skólum á ári og það fjármagn sem varið er í þær munu tengjast þessu verkefni.
- Hvernig það heildarmat sem Reykjavíkurborg er að framkvæma nýtist í tengslum við þetta verkefni sem hér er lagt til.

Myndin hér að neðan sýnir tillögu faghóps að framkvæmdaáætlun fyrir árið 2011:



Tillaga faghóps gerir ráð fyrir að framkvæmdaáætlun fram til hausts 2012 líti þannig út:



Lokaorð

Faghópurinn kynnti sér, eins og fram kemur í inngangi, ýmis verkefni sem eru í gangi á landinu í tengslum við ytra mat. Það verkefni sem mest var litið til við mótun tillögu faghópsins er heildarmat á grunnskólum í Reykjavík. Það hófst árið 2007 og felst í að árlega er framkvæmt heildarmat á sex til sjö grunnskólum. Reykjavík er fyrsta sveitarfélagið sem framkvæmir heildstætt ytra mat á öllum sínum grunnskólum og jafnframt er það fyrst til að þróa leiðir til að meta kennsluhætti. Mörg sveitarfélög hafa sýnt heildarmati Reykjavíkur áhuga en telja sig ekki búa við þær aðstæður að geta tekið upp samskonar fyrirkomulag. Í umræðum faghópsins var leitast við að finna leið sem gæti gert öllum sveitarfélögum kleift að líta til reynslu Reykjavíkurborgar og þá fyrst og fremst varðandi mat á kennslu og kennsluháttum. Nýlega birtist í vef tímaritinu Netlu grein um heildarmatið í Reykjavík. Fyrir þá sem áhuga hafa á að kynna sér það betur er slóðin: <http://netla.khi.is/greinar/2010/016/index.htm>

Faghópurinn ræddi aðrar nálganir við ytra mat en þá sem lögð er til í skýrslunni hér að framan. Má þar einkum nefna leið sem felst í að gera árlega greiningu á skólum út frá ákveðnum viðmiðum og byggt á þeirri greiningu er ákveðið í hvaða skólum skuli gert heildarmat það árið. Áhersla í þeirri nálgun er að stuðla að umbótum í þeim skólum þar sem gæðum er ábótavant og árangur slakur. Magn og tíðni ytra mats er þá mismunandi eftir skólum og leitast er við að beina matinu þangað sem þörfin er mest. Þessi nálgun við ytra mat er notuð í nokkrum löndum í Evrópu, s.s. í Hollandi, Skotlandi, Svíþjóð og Belgíu.

Slík nálgun væri án efa kostnaðarlega hagkvæmari heldur en sú leið sem faghópurinn leggur til hér að framan þar sem fjármagni væri þá fyrst og fremst beint í að styðja þá skóla sem standa höllum fæti. Hópurinn taldi hins vegar ekki ákjósanlegt í þessari fyrstu umferð ytra mats ráðuneytis og sveitarfélaga að fara þá leið af því að mikilvægt væri að fá heildarmynd af skólum í landinu sem byggðist á mati á framkvæmd skólustarfs ekki síður en mælingu á t.d. frammi-stöðu nemenda.

Faghópurinn gerir ráð fyrir að þessi fimm ára matshringur sem lagður er til hér að framan sé upphafið að áframhaldandi skipulögðu ytra mati. Mikilvægt er að staldra við eftir þennan fyrsta hring, leggja mat á framkvæmdina og taka ákvörðun um framhaldið byggt á þeirri reynslu. Ekki er fráleitt að þegar heildarmynd hefur fengist af framkvæmd skólustarfs þá sé í næsta matshring skynsamlegt að beina sjónum fyrst og fremst að skólum sem standa höllum fæti. Rétt er þó að hafa í huga að slík nálgun getur ýtt undir neikvæða sýn á ytra mat þar sem þá væri ákveðinn dómur fólgin í því að lenda í úttekt.

Vert er að nefna að tillögur faghópsins hér að framan snúa eingöngu að ytra mati á grunnskólum. Eins og fram hefur komið var sú ákvörðun að einskorða tillöguna við ytra mat á grunnskólum tekin á þeirri forsendu að grunnskólinn er skyldunámsstig sem leikskólinn er ekki. Það er hins vegar ljóst að í lögum um leikskóla eru ákvæði um ytra mat ráðuneytis og sveitarfélaga þau sömu og í lögum um grunnskóla og því er mikilvægt að unnar verði tillögur fyrir leikskólana.

Að lokum vill faghópurinn benda á að sveitarfélög bera öll sömu lögbundnu skyldur til að annast ytra mat á grunnskólum. Forsendur þeirra til að vinna slíkt verkefni eru mismunandi, bæði hvað varðar aðstöðu, fjármuni, mannafla og sérfræðisþekkingu, og þess vegna telur hópurinn brýnt að leita leiða til að jafna aðstöðu þeirra. Í því samhengi er lagt til að leitað verði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um að hafa aðkomu að verkefninu.

Heimildir

- Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson og Júlíus K. Björnsson (2010). *Íslenskir nemendur við lok grunnskólans. Helstu niðurstöður PISA 2009 rannsóknarinnar um lesskilning og læsi í stærðfræði og náttúrufræði*. Reykjavík: Námsmatsstofnun
- Blok, H., Slegers, P. og Karsten, S. (2008). Looking for a balance between internal and external evaluation of school quality: evaluation of the SVI model. *Journal of Education Policy*, 23(4)
- Chapman, C. (2001). Changing Classrooms Through Inspection. *School Leadership & Management*, 21(1), 59-73
- Curtis, R.E. & City, E.A. (2009). *Strategy in Action. How school systems can support powerful learning and teaching*. Cambridge: Harvard education press
- Ehren, M.C.M. og Visscher, A.J. (2006). Towards a theory on the impact of school inspections. *British Journal of Educational Studies*, 54(1), 51-72
- Fullan, M. (2007). *The new meaning of educational change*. New York: Teachers College Press
- Hattie, J. (2009). *Visible learning. A synthesis of over 800 meta-analyses relating to achievement*. London: Routledge
- HM Inspectorate of Education (2009). *Learning together: Lessons about school improvement. An HMIE report on how schools get better*. Sótt 30. september 2009 á slóðina: <http://www.hmie.gov.uk/documents/publication/ltlasi.pdf>
- Kempfert, G. og Rolff, H. (2005). *Qualität und Evaluation. Ein Leitfaden für Pädagogisches Qualitätsmanagement*. Weinheim: Beltz Verlag
- Leeuw, F. (2002). Reciprocity and Educational Evaluations by European Inspectorates: assumptions and reality checks. *Quality in Higher Education*, 8(2) 137-149
- Lög um grunnskóla nr. 66/1995
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008
- MacBeath, J. og McGlynn, A. (2002). *Self-evaluation: What's in it for schools?* London: RoutledgeFalmer
- McKinsey & Company (2007). *How the worlds best-performing school systems come out on top*. [Án útg.st.]: McKinsey & Company. Sótt 30. desember 2010 á slóðina: http://www.mckinsey.com/App_Media/Reports/SSO/Worlds_School_Systems_Final.pdf
- McKinsey & Company (2010). *How the world's most improved school systems keep getting better*. [Án útg.st.]: McKinsey & Company. Sótt 29. desember 2010 á slóðina: http://ssomckinsey.darbyfilms.com/reports/EducationBook_A4%20SINGLES_DEC%202.pdf

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2010). *Heildarniðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla 2007-2009. Samanburður á niðurstöðum 2001-2003 og 2007-2009*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sótt 7. janúar 2011 á slóðina: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgafuskra/>
- Muijs, D., Harris, A., Chapman, C., Stoll, L. og Russ, J. (2004). Improving Schools in Socioeconomically Disadvantaged Areas – A Review of Research Evidence. *School Effectiveness and School Improvement* 15 (2) 149-175
- Pang, N. (2006). Managing school change through self-evaluation in the era of globalization. In Pang, N. (ristj.) *Globalization Educational Research, Change and Reform*. Hong Kong: The Chinese University of Hong Kong
- Samband íslenskra sveitarfélaga (2009). *Náum betri árangri*. Málstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga um skólamál. Sótt 1. janúar 2011 á slóðina: <http://www.samband.is/media/malthing-skolamal-2008/Skyrsla-malstofu-2008.pdf>
- Sigurlína Davíðsdóttir (2008). *Mat á skólastarfi. Handbók um matsfræði*. Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar